



# FUNDARGERÐ

245. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði fimmtudaginn 18. október 2018, kl. 12.00 – 15.00

**Mættir eru:** Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri, Gunnar Jónsson formaður, Jón Steinar Garðarsson, Ágústa Björnsdóttir, Skúli Björnsson varamaður, Benedikt Stefánsson varamaður.

**Fjarverandi:** Björg Björnsdóttir og Gunnhildur Ingvarsdóttir

## Dagskrá:

1. Kynnt drög að árshlutauppgjöri
2. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um mats skyldu
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gunnar stýrði fundinum og Benedikt ritar fundargerð

## 1. Kynnt drög að árshlutauppgjöri.

Undir þessum lið sat Magnús Jónsson frá KPMG og kynnti drög að árshlutauppgjöri fyrir fyrstu 8 mánuði ársins.

Stefnt er að afgreiða uppgjörið á næsta fundi.

## 2. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um mats skyldu

Páll kynnti erindi sem var sent til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun er að skoða málið vegna svæðis sem eru á náttúruminjasrá.

Umræða skapaðist um skýrslu Eflu sem var send með erindi til Skipulagsstofnunar.

Jón Steinar lýsti yfir áhyggjum að það er ekki tímaáæltun á öðru þrepi í skýrslu Eflu. Ýmislegt óljóst varðandi útpynningarsvæði í skýrslunni. Einnig er ósamræmi í afköstum á einnar þrepa og tveggja þrepa hreinsun í skýrslu Eflu. Páll ætlar að koma skýrslu um útpynningu á framfæri og segir að það sé verið að skoða afköst sem þurfa að vera í hreinsivirkinu.

Jón Steinar óskar eftir að sjá fleiri möguleika í fráveitulausnum. Páll upplýsti að þær skýrslur séu til og verði í möppu sem er verið að taka til fyrir kjörna fulltrúa. Margar verkfræðistofur hafa komið að því að skoða möguleika á staðsetningum, og flestar lausnir benda á að ein hreinsistöð við Melshorn sé hagstæðasti kosturinn. Það er ekki komin lokahönnun á hvaða hreinsibúnaður verður valinn, því það er miklar framfarir í hönnun á slíkum búnaði.

Skúli vill láta bóka að hann geti ekki staðið að baki þessarar skýrslu frá Eflu.

## 3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Páll fór yfir helstu mál sem hann hefði verið að vinna að undanfarið.

- Hefur verið að vinna með fyrsta áfanga að Vök. Annar áfangi er að fara í hönnun.
- Lagnir við Skjólgarð áttu að vera á dagskrá á 2019, en Páll leggur til að þetta verði gert fyrir veturinn.

- Strengur fyrir holu 10 var of lítt en búið að skipta honum út.
- Niðurrif af gömlu hitaveitulögninni frá kyndistöð upp að hitaveitutank er lokið.
- Flóð í Frímúrararöpp, búið að gera við vandamál þar.
- Ljósleiðaramál rædd.
- Helstu verkefni í framkvæmdaáætlun 2019 kynnt.

#### **4. Önnur mál**

Ljósleiðaravæðingamál sveitarfélagsins rædd.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt

Fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði Benedikt H. Stefánsson